

3 og góðs siðferðis fær til þess meðmæli rektors og allra kennaranna, að hann megi ganga undir próf í byrjun næsta skóla-árs.

3. Enginn skólapiltur, sem orðið hefir fyrir refsing fyrir brot það, er hjer ræðir um, getur búizt við að fá neinn ölmusustyrk í skólanum upp frá því.

Jafnframt því að tjá stiptysfirvöldunum þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, skal jeg út af ummælum rektors um, að hann vilji ógjarna framfylgja þeim ákvæðum yfirstjórnarinnar, sem hjer ræðir um, fyrr en landshöfðinginn hafi samþykkt og staðfest þau, og samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna, biðja rektor gefið til vitundar, að það sje sjálfsgöð skylda hans, að hlýðnast þeim reglum viðvíkjandi embættisrekstri hans, sem honum eru settar af næstu yfirboðurum hans, stiptysfirvöldunum, meðan þær eru ekki felldar úr gildi af æðra úrskurðarvaldi.

4 — Ágrip af brjefi landshöfðingja til biskups um útbýtingu á styrktarfje handa uppgjafaprestum og prests-ekkjum. — Með þessu brjefi skipti landshöfðingi samkvæmt tillögum biskups styrktarfje því, er veitt hefir verið fyrir árið 1877 með 13. gr. A. b. 3. í fjárlögunum, sem hjer segir:

A. Uppgjafaprestum:

1. Sira Guðmundi Torfasyni frá Torfastöðum í Biskupstungum 100 kr.
2. — Þorleifi Jónssyni frá Hvammi í Hvammssveit . . . 40 —

B. Prestsekkjum:

1. Kristínu Gunnarsdóttur frá Desjarmýri 62 —
2. Sigríði Jónsdóttur frá Skinnastöðum 60 —
3. Guðlaugu Guttormsdóttur frá Skeggjastöðum 30 —
4. Björgu Magnúsdóttur frá Dvergasteini 30 —
5. Helgu Guðmundsdóttur frá Eyðolum 20 —
6. Þorbjörgu Jónsdóttur frá Kolfreyjustað 52 —
7. Margrjetu Magnúsdóttur frá Skorrastað 68 —
8. Sigríði Benidiktsdóttur frá Einholti 52 —
- 9. Oddnýu Friðriku Pálsdóttur frá Kálfafellsstað 20 —
10. Guðrúnu Ingvarsdóttur frá Eyvindarhólum 44 —
11. Guðnýju Jónsdóttur frá Kálfholti 60 —
12. Guðrúnu Þorvaldsdóttur frá Reynivöllum 38 —
13. Elínu Ögmundsdóttur frá Vogsósum 80 —
14. Steinunni Bjarnadóttur frá Klausturhólum 20 —
15. Ingibjörgu, ekkju sira Gísla Thorarensens á Stokkseyri . . . 28 —
16. Guðrúnu Jónsdóttur frá Mosfelli 40 —
17. Kristínu Eiríksdóttur frá Efríholta-þingum 40 —
18. Kristínu Jónsdóttur frá Þykkvabæjarklaustri 82 —
19. Margrjetu Narfadóttur frá Glæsibæ 85 —
20. Þórunni Ásgrímsdóttur frá Helgafelli 32 —
21. Helgu Pálsdóttur frá Reynivöllum 63 —
22. Solveigu Markúsdóttur frá Stokkseyri 28 —
23. Helgu Magnúsdóttur frá Glæsibæ 40 —
- 24. Guðrúnu Þjetursdóttur frá Arnarbæli 20 —

	flutt 1234 —
25. Guðlaugu Eiríksdóttur frá Reynivöllum	44 —
26. Sigríði Ingimundardóttur frá Otrardal	34 —
27. Helgu Arnfinnsdóttur frá Breiðabólstað í Vesturhópi	44 —
28. Elínu Einarsdóttur frá Þingeyrarklaustri	87 —
29. Sigríði Oddsdóttur frá Dýrafjarðarþingum	60 —
30. Matthildi Ásgeirsdóttur frá Rafnseyri	68 —
31. Guðrúnu Pálsdóttur frá Gufudal	36 —
32. Marenu Nielsdóttur frá Höskuldsstöðum	58 —
33. Elisabet Jónsdóttur frá Melstað	40 —
34. Steinunni Jónsdóttur frá Höskuldsstöðum	72 —
35. Sigurbjörgu Jónsdóttur frá Undirfelli	20 —
36. Ólavíu Ólafsdóttur frá Hestsþingum	20 —
37. Guðrúnu Ólafsdóttur frá Melstað	29 —
38. Helgu Eiríksdóttur frá Garði í Kelduhverfi	30 —
39. Málfríði Jónsdóttur frá Upsum	44 —
40. Guðrúnu Sigurðardóttur frá Tjörn	20 —
41. Guðrúnu Jónasdóttur frá Höfða	28 —
42. Guðrúnu, ekkju síra Gísla Brynjúlfssonar á Hólum	32 —
	samtals 2000 —

4
27. jan.

— *Brief* landshöfðingja til póstmeistarans um skaðabætur fyrir glataða póstsendingu. — Með þóknanlegu bræfi yðar, herra póstmeistari, frá 11. f. m. meðtók jeg nánari skýringu um kröfu þá, er komið hefir fram 9. septbr. f. á. um endurgjald fyrir glataða peningasendingu, að upphæð 30 kr. Hafði sending þessi verið afhent 4. desbr. 1875 póstafræiðslumanninum á Egilsstöðum og átti að fara til Egils bókbindara Jónssonar hjer í bænum; en hana vantaði, þegar póstur kom hingað um lok janúarmánaðar f. á., og hefir hún hvergi komið fram síðan. Verður því að álíta, að hún hafi glatazt í vörzlum póststjórnarinnar. Fyrir því samþykkist, að áminnst fje, 30 kr., sje greitt úr póstsjóði, samkvæmt 22. gr. auglýsingar 3. maí 1872. 5
14. febr.

Þótt allar póstsendingar frá Austfjörðum til Suðurlands, er koma að Akureyri, sjeu teknar upp þar og látnar í nýjar póstskrinur, hefir ekki orðið komizt fyrir það í máli þessu, hvort áminnst póstsending hefir glatazt á leiðinni norður að Akureyri eða þaðan suður, og með því að ástæðan til þess virðist vera sú, að póstafræiðendurnir á enda-stöðvum póstleiðarinnar líti ekki, þegar látið er í nýju skrinurnar, eptir póstsendingum þeim, er sendar eru með sjerstakri póstskrá beinlínis til póststöðva á annari póstleið, verð jeg þjónustusamlega að skora á yður, herra póstmeistari, að gjöra ráðstöfun til að slíkt eptirlit verði framvegis haft á póstafræiðslustöðum þeim, þar sem nýjir póstar taka við hvor af öðrum, eða á Akureyri, Seyðisfirði og Prestsbakka.